



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 52/2014

Auðkennið Iceland taxi

I.

Erindið

Með bréfi Stefáns Kristinssonar vegna firmans Iceland taxi, dags. 16. maí 2014, barst Neytendastofu kvörtun yfir notkun Iceland taxi tour ehf. á heitinu Iceland taxi. Í bréfinu segir að forsvarsmáður Iceland taxi hafi fengið skráð lénið icelandtaxi.com þann 11. apríl 2002 og hafi það nafn, Icelandtaxi, verið notað síðan varðandi rekstur leigubifreiða. Öll þessi ár hafi viðskipti verið aðallega fyrir ferðafólk og þá einkum akstur til og frá Keflavíkurflugvelli. Markaðssetning á vörumerkinu hafi verið góð og viðskipti mikil.

Nú bregði svo við að aðilar hafi stofnað einkahlutafélag með nafninu Iceland taxi tour og bjóði upp á akstur með ferðamenn á helstu ferðamannastaði á suður- og vesturlandi. Stefáni sé ekki kunnugt um hvort rekstrarleyfi séu til staðar hjá þessum nýja rekstraraðila en ljóst sé að rekstur undir heitinu Iceland taxi hafi verið starfræktur frá árinu 2002 og þessi nýi aðili sé að nýta sér þetta heiti og þá viðskiptavild sem heitið hafi unnið sér í gegnum rúmlega 12 ár. Nafnið Iceland taxi sé orðið verulega þekkt hjá ferðaskrifstofum og ferðafólki þar sem starfsemi þess hafi aðallega verið í kringum Keflavíkurflugvöll með farþega til og frá vellinum og í styttri túra með útlendinga. Nýja félagið sé að reyna að nýta sér viðskiptavild Iceland taxi sem félagið hafi skapað sér. Bæði nöfnin höfði til leigubifreiðaaksturs þannig að veruleg hætta sé á ruglingi og óþægindum vegna þessa.

Því sé gerð sú krafa að notkun á heitinu Iceland taxi tours verði bönnuð. Í því sambandi sé vísað til 5. gr. 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.



II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Iceland taxi var sent Iceland taxi tours til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 10. júní 2014. Í bréfinu kom fram að auk þeirra ákvæða laga nr. 57/2005, sem vísað væri til í erindi Iceland taxi, teldi Neytendastofa ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 jafnframt geta átt við um erindið.

Svar Iceland taxi tours barst með bréfi, dags. 16. júní 2014. Þar segir að það sé mat Iceland taxi tours að 14. gr. laga nr. 57/2005 eigi ekki við þar sem hvergi sé í auglýsingum fyrirtækisins veittar rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar né séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð á þjónustu.

Þá sé það mat Iceland taxi tours að til þess að d. liður 15. gr. eða 15. gr. a. laganna geti átt við þá verði vörumerkið sem notað sé að njóta verndar, enda komi það fram í 15. gr. a. að vörumerkið eða einkennið þurfi að vera notað með fullum rétti.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, segi að enginn megi nota í firma sínu nafn annars manns án leyfis. Þegar skoðað sé hvort umrætt nafn sé í raun nafn annars manns þurfi að líta til vörumerkjalaga nr. 45/1997. Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 45/1997 komi fram að það sé skilyrði fyrir skráningu eða notkun vörumerkis að merkið sé til þess fallið að greiða vöru og þjónustu merkiseiganda frá vörum og þjónustu annarra. Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefi til kynna m.a. tegund vörunnar eða þjónustunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan sé framleidd eða þjónustan látið í té, skuli ekki telja nægilegt sérkenni. Sama eigi við um tákni eða orðasambönd sem teljist algeng í viðskiptum eða notuð í daglegu máli.

Orðin Iceland taxi séu mjög almenn lýsing eins og fram komi í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903. „Iceland“ gefi til kynna upprunastað, „taxi“ gefi til kynna tegund þjónustunnar og þá „tours“ einnig. Öll orðaheitin séu það almenn að ómögulegt væri að telja þau nægilega sérkennandi. Þar af leiðandi eigi 15. gr. og 15. gr. a., og þá einnig 5. gr., laga nr. 57/2005 ekki heldur við.

Þessu til stuðnings megi nefna ákvörðun Einkaleyfastofu þar sem skráningu vörumerkisins Icelandic Excursions hafi verið hafnað, og þá einnig ákvörðun Einkaleyfastofu þar sem skráningu vörumerkisins Hótel Keflavík hafi verið hafnað. Í báðum tilfellum hafi verið talið að orðanotkunin væri of almennt lýsandi og ekki nægilega sérkennandi til þess að geta hlotið verndun.

Að lokum verði að nefna að á markaði séu fjórir aðilar sem noti heitið Iceland taxi en það séu icelandtaxitours.com, icelandtaxitours.is, icelandtaxi.com og icelandtaxi.net. Eina fyrirtækið



sem Iceland taxi hafi kvartað yfir sé Iceland taxi tours. Iceland taxi tours sé eina félagið sem sé með skráð firmaheitið Iceland taxi tours. Þá skuli það tekið fram að samkvæmt upplýsingum sem félagið hafi fengið þá hafi kvartandi, sem skráður sé fyrir léninu icelandtaxi.com hvorki réttindi til þess að aka leigubifreiðum, né hafi hann ferðaskipuleggjandaleyfi sem sé skilyrði til þess að skipuleggja ferðir sem hann auglýsi.

2.

Bréf Iceland taxi tours var sent Iceland taxi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 20. júní 2014. Í bréfinu segir að Iceland taxi telji að í auglýsingum Iceland taxi tours séu að finna villandi upplýsingar sem að mati félagsins séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn þjónustu hans. Í auglýsingu, sem m.a. hafi fylgt upphaflegri kvörtun Iceland taxi, þar sem í merki félagsins sé orðið „tours“ haft í smáu letri og áhersla lög á orðin „Iceland taxi“. Slík framsetning á upplýsingum í auglýsingum félagsins sé að mati Iceland taxi villandi og því brot á 14. gr. laga nr. 57/2005.

Iceland taxi bendi á að kvörtun félagsins beinist eingöngu að notkun Iceland taxi tours á auðkenninu Iceland taxi og sem brjóti gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, einkum 5. gr. og 15. gr. a., eins og fyrr greini. Tilvísanir Iceland taxi tours til laga nr. 45/1997 og 42/1903 hafi því ekkert vægi hér enda snúist kvörtunin ekki um túlkun og beitingu einstakra ákvæða þeirra laga. Einkaleyfastofa fari með stjórnarsýsluhlutverkið samkvæmt þeim lögum, ekki Neytendastofa. Þannig sé Neytendastofu óheimilt að beita lögum sem heyri undir önnur stjórnvöld, sbr. meðal annars aðgreiningarreglur stjórnarsýsluréttar. Iceland taxi taki þó fram að grunnsjónarmið í vörumerkjaretti kunni að hafa áhrif við túlkun á 15. gr. a. laga nr. 57/2005, eins og nánar sé vikið að síðar.

Í bréfi Iceland taxi tours sé fyrst og fremst byggt á því að orðin Iceland og taxi séu almenn lýsing og því ekki nægilega sérkennandi sem að mati félagsins leiði til þess að 15. gr. a. laga nr. 57/2005 eigi ekki við. Vísi félagið í framhaldinu til tveggja ákvarðana Einkaleyfastofu þar sem skráningu vörumerkjanna Icelandic Excursions og Hótel Keflavík hafi verið hafnað. Iceland taxi hafni alfarið þessum sjónarmiðum og bendi á þá augljósu staðreynd að kvörtunin snúi ekki að skráningu vörumerkisins enda hafi henni ekki verið andmælt. Skilyrði til skráningar þess hafi verið talið uppfyllt, þ.e. að það væri til þess fallið að greina þjónustu merkiseiganda frá þjónustu annarra. Vörumerkið hafi verið skráð 3. desember 2013 undir flokk 39: fólksflutningar.

Iceland taxi bendi á að sú meginregla um sérkenni auðkenna sem vísað sé til í bréfi Iceland taxi tours, sé ekki fortakslaus. Þannig geti, við mat á því hvort brotið hafi verið gegn 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005, verið rétt að veita auðkenni vernd á grundvelli samkeppnissjónarmiða jafnvel þótt viðkomandi auðkenni sé almennt eða lýsandi fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 538/2012 hafi til að mynda verið talið að auðkennið „Hótel Keflavík“ væri of sérkennalaust og lýsandi til þess að njóta verndar laga nr. 45/1997. Það hafi hins vegar ekki komið í veg fyrir að auðkennið nyti verndar 2.



málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 eins og staðið hafi á. Í því sambandi hafi Hæstiréttur lagt á áherslu á að þau auðkenni sem um hafi verið deilt vörðuðu heiti tveggja hótela sem hafi verið hlið við hlið og hafi þótt ljóst að nokkur hætta væri á að neytendur rugluðu saman hótelum tveimur.

Lénið icelandtaxi.com hafi fyrst verið skráð árið 2002 og hafi verið notað frá þeim tíma um rekstur bifreiða Iceland taxi. Iceland taxi tours hafi verið stofnað í ágúst 2013 og séu meðal stofnenda einstaklingar sem tekið hafi að sér akstur fyrir Iceland taxi á sínum tíma. Þeim sé því vel kunnugt um eðli rekstursins sem og heiti hans. Óumdeilt sé að Iceland taxi og Iceland taxi tours starfi á sama markaði og stundi starfsemi sína frá sama stað, þ.e. Keflavíkflugvelli. Því sé um verulega ruglingshættu að ræða. Forsvarsmenn Iceland taxi tours viti að notkun bæði heitisins og lénsins hafi leitt til þess að viðskiptavinir Iceland taxi hafi villst á fyrirtækjunum tveimur. Í ótalmörg skipti hafi verið hringt í Iceland taxi og spurt af hverju enginn á hans vegum sé kominn að sækja viðkomandi viðskiptavin þegar sá hafi hringt í Iceland taxi tours og óskað eftir þjónustu hans og svo öfugt.

Af lögskýringargögnum með 15. gr. a. laga nr. 57/2005 megi ráða að ákvæðinu sé ætlað að veita fyrirtækjum, sem noti auðkenni í starfsemi sinni, sérstaka vernd gegn því að aðrir noti auðkenni, sem þeir eigi út af fyrir sig tilkall til, á þann hátt að villst verði á þessum tveimur auðkennum. Markmið ákvæðisins sé því ekki aðeins að veita fyrirtækjum vernd í innbyrðis samkeppni þeirra, heldur ekki síður að koma í veg fyrir að villt verði um fyrir neytendum sem aftur gæti dregið úr virkri samkeppni í viðskiptum. Iceland taxi tours hafi notfært sér þá viðskiptavild sem umbjóðandi minn hafi byggt upp frá árinu 2002 með því að nota auðkennið Iceland taxi sem skapað hafi Iceland taxi ákvæðið orðspor. Iceland taxi tours hafi því með ólögmatum hætti brotið gegn Iceland taxi tours, sbr. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Sú staðreynd að fleiri aðilar notist við heitið Iceland taxi í starfsemi sinni breyti engu um það að kvörtun Iceland taxi beinist nú einvörðungu að Iceland taxi tours. Ákvörðun Neytendastofu kunni að hafa í för með sér fordæmisgefandi áhrif varðandi notkun þessara aðila líka. Iceland taxi áskilji sér allan rétt til að beina fleiri kvörtunum til Neytendastofu til þessa nánar tilgreindu aðila.

Það hvort starfsmenn Iceland taxi hafi réttindi til að aka leigubifreið eða hafi ferðaskipuleggjendaleyfi, skipti engu um úrlausn þessa máls enda heyri það undir önnur stjórnvöld. Það upplýsist þó hér með að forsvarsmáður félagsins hafi réttindi til að aka leigubifreið og sé með ferðaskipuleggjendaleyfi frá Ferðamálastofu.

3.

Bréf Iceland taxi var sent Iceland taxi tours til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. ágúst 2014. Svar barst með bréfi, dags. 18. ágúst 2014, þar sem segir að í bréfi Iceland taxi sé aðallega byggt á dómi Hæstaréttar nr. 538/2012 þar sem niðurstaða dómsins hafi verið á þá leið að mikil ruglingshætta væri á hótelum tveimur þar sem þau væri hlið við hlið. Slíkri



ruglingshættu sé ekki til að dreifa í þessu máli. Í dómi Hæstaréttar nr. 129/2012 hafi Domus fasteignasala ehf. krafist þess að viðurkennt yrði með dómi að Domusnova ehf. væri óheimilt að nota orðið Domus í nafni sínu. Í niðurstöðu Hæstaréttar í því máli komi fram að skoða þurfi sérstakleg hvort notkun á auðkenni sé til þess fallin að gefa til kynna að rekstur hans tengist með einhverjum hætti rekstri stefnanda og geti þannig spillt þeirri viðskiptavild sem aðili hafi áunnið sér með vörumerki sínu. Í þessu máli sé um að ræða auðkennið Iceland taxi annars vegar og Iceland taxi tours hinsvegar. Iceland taxi telji í bréfi sínu að veruleg ruglingshætta sé á auðkennunum tveimur. Þannig segi í bréfi félagsins að Iceland taxi tours viti um þá ruglingshættu sem sé til staðar vegna auðkennanna. Þessu sé alfarið hafnað þar sem Iceland taxi gefi sér með þessu að Iceland taxi tours hafi einhverja vitneskju um ruglingshættu. Þá sé því hafnað að aðilar stundi starfsemi sína á sama stað, þar sem Keflavíkurlugvöllur sé einungis einn staður af mörgum þar sem Iceland taxi tours stundi sína atvinnustarfsemi.

Af hálfu Iceland taxi hafi það verið viðurkennt að auðkennin séu of lýsandi til þess að hljóta vörumerkjarétt. Engin líkindi séu með vörumerkjum aðila og þá sé ekkert, hvorki vörumerkinu né heimasíðunni sem skapað geti þá ruglingshættu að aðilarnir tveir tengist á einhvern hátt. Augljós munur sé á auðkenni aðila annar en sá að báðir aðilar séu með leigubílaþjónustu á Íslandi, það sé því fráleitt að leigubílastöð geti fengið vernd á auðkenninu Iceland taxi í öllum orðamyndunum.

4.

Iceland taxi var sent bréf Iceland taxi tours til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. ágúst 2014, og tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta snýr að kvörtun Iceland taxi yfir notkun Iceland taxi tours á heitinu Iceland taxi og léninu icelandtaxitours.is. Í erindi Iceland taxi kom fram að félagið teldi Iceland taxi tours, með notkuninni, brjóta gegn ákvæðum 5. gr., 14. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Félögin starfi á sama markaði og helsta markaðssvæði þeirra sé hið sama sem leiði til þess að mikil ruglingshætta skapist fyrir notkun Iceland taxi tours á heitinu og léninu. Þá segir jafnframt að myndmerki Iceland taxi tours sé sett fram með þeim hætti að orðið „tour“ sé mun smærra og ógreinilegra en annar hluti merkisins.

Af hálfu Iceland taxi tours er því hafnað að brotið sé gegn ákvæðum laganna. Iceland taxi eigi ekki skráð vörumerkið og í ljósi þess að Iceland taxi tours hafi verið hafnað um skráningu



Þess vörumerkis sé ólíklegt að Iceland taxi fengi vörumerki sitt skráð hjá Einkaleyfastofu. Heitið sé almennt og lýsandi fyrir þá starfsemi sem bæði fyrirtækin stundi og því verði Iceland taxi að hlíta því að annað fyrirtæki noti svipað heiti og merki. Þá er því hafnað að ruglingshætta sé milli félaganna þar sem t.d. séu engin líkindi séu með vörumerkjum eða heimasíðum félaganna.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér þrens konar reglu þar sem fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma annars vegar almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á og hins vegar bann við því að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ákvæði 2. másl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Síðari hluti 1. másl. og 2. másl. eiga við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort



notkun þess sem seinna byrjaði notkun veiti villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð eða valdi því að ruglingshætta skapist milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Við mat á ruglingshættu er einnig litið til þess hvort fyrirtækin starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi.

Iceland taxi hefur átt lénið icelandtaxi.com frá árinu 2002 og lénið icelandtaxi.is frá árinu 2008 auk þess sem Iceland taxi fékk skráð orð- og myndmerkið ICELAND TAXI comfort in transport hjá Einkaleyfastofu árið 2012. Í gögnum málsins hefur komið fram að notast hafi verið við heitið Iceland taxi frá árinu 2002, þótt heitið sé ekki skráð hjá firmaskrá. Iceland taxi tours á skráð firmaheiti hjá firmaskrá frá árinu 2013 og hefur átt skráð lénið icelandtaxitours.is frá sama ári. Þá notast félagið við orð- og myndmerki til auðkenningar þjónustu sinnar þótt það hafi ekki verið skráð hjá Einkaleyfastofu. Neytendastofa telur að ofangreindu virtu að báðir aðilar hafi tilkall til auðkenna sinna og því kemur 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 til álita í málinu.

Báðir aðilar starfa við akstur leigubifreiða og vísa heiti og auðkenni beggja til þeirrar starfsemi. Neytendastofa telur heiti beggja aðila afar lýsandi fyrir starfsemi þeirra, þ.e. akstur leigubifreiða og ferðir í leigubifreið á Íslandi. Hljóðlíking með heitunum er veruleg þar sem það eina sem greinir heitin að er orðið „tour“ sem bætt hefur verið aftan við heiti Iceland taxi.

Myndmerki Iceland taxi eru orðin „Iceland“ og „taxi“ rituð í hástöfum með bláu lettri en „t“ í upphafi orðsins „taxi“ er rautt og myndar n.k. þak yfir seinni hluta orðsins. Fyrir framan orðin í merkinu er mynd af rauðum hring með rauðum punkti inn í sem líkir til dekks og frá hringnum liggur rauð lína undir orðin „Iceland taxi“. Undir rauðu línunni stendur í skáletruðu svörtu lettri „comfort in transport“. Af gögnum málsins verður ráðið að Iceland taxi tours notist við tvö myndmerki. Annað þeirra samanstendur af orðum merkisins rituð í hástöfum og gráu lettri þar sem öll orðin eru í sömu stærð. Stafurinn „x“ í orðinu „taxi“ er að hálfu leyti ritaður í bláu lettri þannig að myndi nokkurs konar pílu sem er nokkru stærri en annað letur í merkinu. Hitt myndmerki Iceland taxi tours er ritað í sama stíl en þar er orðið „Iceland“ ritað í smærra lettri fyrir ofan orðið „taxi“ þannig að orðið er fyrir framan pílu sem stafurinn „x“ myndar og orðið „tours“ er ritað í jafnsmáu lettri og „Iceland“ en það kemur fram fyrir neðan



orðið „taxi“ og er fyrir framan píluna sem stafurinn „x“ myndar. Neytendastofa telur enga líkingu með myndmerkjum aðila þrátt fyrir að þau innihaldi að hluta til sömu orðin.

Að teknu tilliti til ofangreinds, þ.e. hversu ólík myndmerki aðilanna eru og því hve almenn og lýsandi heiti þeirra eru fyrir þá þjónustu sem fyrirtækin veita telur Neytendastofa að Iceland taxi geti ekki notið einkaréttar á heitinu. Þrátt fyrir að gögn málsins sýni að Iceland taxi hafi notast við heiti sitt töluvert lengur en Iceland taxi tours telur Neytendastofa því ekki ástæðu til þess að banna notkun Iceland taxi tours á heitinu, vörumerkinu eða léninu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 28. nóvember 2014.

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir